

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Stella Rúnarsdóttir  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 21.2.2022  
UST202201-064/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 - Úthlíð**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógarbyggðar er barst 7. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015 – 2027 vegna frístundabyggðarinnar Úthlíð.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að landnotkun lóða nr. 5, 7 og 9 við Vörðuás verði breytt úr frístundabyggð í verslun og þjónustu. Einnig gerir tillagan ráð fyrir nýrri vegtengingu innan skipulagssvæðisins. Auk þess kemur fram að svæðið einkennist af hrauni og hverfisvernduðum birkiskógi.

### **Hraun**

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu muni ekki hafa áhrif á hraun, en hins vegar muni ný vegtenging fara að hluta til yfir óraskað hraun. Í greinargerð kemur fram að breyting á landnotkunarflokki hefur ekki áhrif á hraunið þar sem svæðið er þegar byggt og raskað. Hins vegar kemur fram síðar í greinargerð þar sem fjallað er um VP46 að við hönnun og uppbyggingu svæðisins skal hugað sérstaklega að því að spilla landi sem minnst, m.a. til verndunar hrauna og birkis. Ekki kemur fram í tillögunni hvort að birkiskógurinn falli undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, en stofnunin bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Eins og kemur fram að ofan segir í greinargerð að huga skuli að því að spilla hrauni sem minnst. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Þar sem að tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni leggur stofnunin áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir hafi verið skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og

ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig bendir stofnunin á að mikilvægt sé að það komi fram í tillögunni hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á hrauni.

Umhverfisstofnun bendir á að deiliskipulag fyrir svæðið var staðfest árið 1993 og gerðar hafa verið fjölmargar breytingar á því síðan þá. Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. núgildandi náttúruverndarlögum, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Umhverfisstofnun lítur því svo á að umsögn þessi uppfylli ekki umsagnarskyldu skv. 2. mgr. 68. gr., sbr. 3. mgr. 61. gr. og bendir á að leyfisveitandi skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda sem hafa í för með sér röskun á vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 1. og 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, þegar raunveruleg áhrif framkvæmda á svæði sem nýtur sérstakrar verndar liggja ekki fyrir á skipulagsstigi. Því gerir stofnunin ráð fyrir að aftur verði óskað umsagnar stofnunarinnar á síðari stigum og áskilur Umhverfisstofnun sér rétt til umsagnar sbr. 3. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga áður en leyfi er veitt til framkvæmda.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Agnes Porkelsdóttir  
sérfræðingur